

Viðbragðsáætlun
Neyðaráætlun vegna veðurs
Málaflokkur HMFB

Tilgangur:

Með vísan í yfirmarkmið A í stefnu í málefnum heimilislausra samþykkt 2019-2025 þar sem kemur fram að enginn neyðist til að sofa úti var útbúin viðbragðsáætlun árið 2019 til að bregðast við í neyð þegar spáð er kuldakasti eða óveðri sem er þess eðlis að hætta sé á ofkælingu og/eða alvarlegum slysum. Viðbragðsáætlun þessi kallast neyðaráætlun vegna veðurs og er endurskoðuð þegar tilefni gefst til svo sem þörf á að uppfæra tengiliðaupplýsingar.

Markmið:

Neyðaráætlun þessi hefur það markmið að tryggja upplýsingaflæði til notenda í ótryggum aðstæðum, undirbúa neyðarskýli fyrir aukna aðsókn og breyttan opnunartíma. Auk þess að upplýsa viðbragðsaðila og aðila sem veita heimilislausum þjónustu þegar neyðaráætlun er virkjuð.

Neyðaráætlun þessi byggir á samvinnu allra viðbragðsaðila í Reykjavík, bráðamóttöku Landspítala Háskólasjúkrahúss, lögreglu, Rauða krossins, forsvarsmanna tjaldsvæða, Vettvangs- og ráðgjafateymis Reykjavíkurborgar (VoRteymis) og neyðarúrræða fyrir heimilislausa.

Hvenær er áætlun virkjuð:

Óveður:

Neyðaráætlun er virkjuð þegar um rauða eða appelsínugula viðvörun er að ræða og fólki almennt ráðlagt að halda sig inni.

Ef þessar aðstæður skapast óvænt á dagvinnutíma flýta neyðarskýlin opnun.

Ef fyrirvari er í boði þá skipuleggja stjórnendur neyðarskýla sólarhringsopnun fyrirfram.

Kuldakast:

Neyðaráætlun er virkjuð í miklu frosti vegna aukinnar hættu á ofkælingu. Fylgst er náið með veðurspám og staðan metin hverju sinni.

Ef þessar aðstæður skapast óvænt á dagvinnutíma flýta neyðarskýlin opnun.

Ef fyrirvari er í boði þá skipuleggja stjórnendur neyðarskýla sólarhringsopnun fyrirfram.

Neyðaráætlun virkjuð – aðgerðalisti:

Þegar neyðaráætlun er virkjuð sendir deildarstjóri HMFÞ eða staðgengill tölvupóst til allra forstöðumanna HMFÞ, forstöðumanna H79 og M20, forstöðukonu Konukots og VoR teymisins og tilkynnir að virkja þurfi neyðaráætlun. Minnt á mikilvægi þess að búsetan skapi stemningu innandyra til að hvetja íbúa til að vera inni.

Í kjölfar þess hafa forstöðumenn samráð sín á milli mtt mönnunar.

Eftir að sú tilkynning hefur farið af stað sér deildarstjóri HMFÞ/staðgengill/forstöðumaður um að eftirfarandi sé klárað:

- tölvupóst til yfirvarðstjóra lögreglunnar þar sem opnun neyðarskýla vegna veðurs er tilkynnt. Rafn Hilmar Guðmundsson <rafn.gudmundsson@lrh.is>
- tölvupóst til Frú Ragnheiðar þar sem opnun neyðarskýla vegna veðurs er tilkynnt. Hafrún Elísa Sigurðardóttir <hafrun@redcross.is>
- tölvupóst til kaffistofu Samhjalpar þar sem opnun neyðarskýla vegna veðurs er tilkynnt. Rósý <rosy@samhjalp.is>

- símtal til vaktstjóra bráðamóttöku í Fossvogi og bráðþjónustu geðsviðs þar sem opnun neyðarskýla vegna veðurs er tilkynnt. Vakstjóri slysó: Vakstjóri BMG 825-3789
- tölvupóstur til Skjólins, Ylju og Laufeyjarteymis.

Teymisstjóri VoR tryggir eftirfarandi:

- samráð milli teymismeðlima til að ná yfirsýn yfir notendahópin sem er í áhættu á að komast ekki í skjól.
- símtal til fulltrúa Frú Ragnheiðar með áherslu á samþætt átak við að skima hvort einhver sé í neyð
- sendir tölvupóst til deildarstjóra HMFÞ, framkvæmdastjóra ÞVMH og annarra forstöðumanna þegar hefur lokið við upptalin atriði.

Forstöðumaður Gistiskýlisins tryggir eftirfarandi:

- símtal til Barka

Forstöðumaður neyðarskýlisins Granda tryggir eftirfarandi:

- símtal til kaffistofu samhjalpar

Fyrirmynd að tölvupóst til að senda samstarfsaðilum og inn á facebook síðu Reykjavíkurborgar:

Neyðarskýlin þrjú haldast opin allan daginn á morgun (gistiskýlin hjá Reykjavíkurborg og Konukot hjá Rótinni). VoR teymið og forstöðumenn hafa upplýst sína skjólstæðinga í dag (bæði í neyðarskýlum og húsnæði). Forstöðumenn, neyðarskýla og búsetu, hafa lagt áherslu á að undirbúa morgundaginn til að skapa stemningu innandyra. VoR teymið hefur átt í góðu samráði við fulltrúa Frú Ragnheiðar sem hafa lagt áherslu á að heyra í notendum í dag, t.d. við að koma upplýsingum til þeirra notenda sem geta verið í ótryggum aðstæðum og gætu þurft að nýta neyðarskýlin.

Bráðamóttaka í Fossvogi og bráðamótta geðsviðs eru upplýst um þetta. Einnig varðstjórar höfuðborgarsvæðisins og kaffistofa Samhjalpar. „